

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 11. apríl 2022
UST202203-145/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Öndverðarnes – Laxabakki – Grímsnes- og Grafningshreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Öndverðarnes 2 - Laxabakki í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í greinargerð kemur fram tillagan gengur út á að skilgreina byggingareit fyrir allt að tvö hús þar sem byggingarmagn er allt að 90 m². Auk þess gerir tillagan ráð fyrir aðkomuvegi, bílastæði og fráveitu.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð kemur fram að svæðið sé á náttúruminjaskrá og innan þess eru hraun sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Auk þess kemur fram að ekki verður raskað ósnortnu hrauni eða birkikjarri sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur